

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar og tillögu deiliskipulagsáætlunar:

Deiliskipulagsbreyting, Rofabær 4, L170920, útleiga í flokk II í frístundabyggð.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til breytinga á skilmálum deiliskipulags Rofabæjar, frístundabyggðar í landi Nesja. Í breytingunni felst að heimilt verði að stunda rekstrarleyfisskylda útleigu í flokki II innan svæðisins.

Samþykkt í sveitarstjórn 11. desember 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Hestur, lóð 111, L168617, stækkun byggingarreits.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóðar Hests 111, L168617, innan frístundabyggðar í landi Hests. Í breytingunni felst breytt stærð og lega byggingarreits innan lóðarinnar.

Samþykkt í sveitarstjórn 11. desember 2024.

Deiliskipulag, Vaðnesvegur 2, L169743, Vaðnesvegur 2A og 2B, skilgreining frístundalóða.

Um er að ræða deiliskipulagsáætlun sem tekur til lóðar Vaðnesvegur 2, L169743. Í deiliskipulaginu felst að lóðinni verði skipt upp í tvær lóðir, 2A og 2B, sem verða 15.050 fm og 23.706 fm að stærð. Á lóð 2B er skráð sumarhús í dag ásamt geymslu. Auk frístundahúss er heimilt að byggja aukahús ásamt geymslu að 15 fm á lóðunum. Nýtingarhlutfall lóða skal ekki fara umfram 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. nóvember 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Giljabakki, L169227 (Minni-Bær, land), 3 smáhýsi og þvottahús.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Giljabakka, L169227 (Minni-Bær land). Í tillögunni felst að heimilt verði að byggja þrjú smáhýsi og lítið þvottahús á landi Giljabakka sem munu rísa sunnan við núverandi aðstöðu- og íbúðarhús.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. nóvember 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 2. janúar 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.